

postuli vors kristindóms yfir Noregi ok hans undirlöndum; trúum vér því ok staðfastliga, at fyrir hans árnaðarorð hafi þessi partr norðrhálfuðnar feingit blómberanligan geisla ok stöðugan stólpia ok styrktarmann upp at timbra þat smíði, sem Ólafr konúngr Tryggvason hafði áðr fagurliga formerat ok giftuliga grundvallat, sem var guðs trúa ok hans lögþróður ok réttindi; eru vér fullkomliga sælir þess fagnaðar, er hann gaf os þessa heims, at kenna vorn skapara Jesúm Kristum; því skulu vér þakkir gera úaflátliga alsvaldanda guði, er hann gaf vorum foreldrum ok öllum oss slíkan nytsemðarmann, sem var Ólafr konúngr Tryggvason, með kristni konungdómsins ok dýrð heilagrar kirkju, með skipan heilagra siða ok lögum landsins, með valdi ok virðing konunganna, með tign biskupanna, með sæmd kennimannanna ok aflan kaupmannanna. Allir eru þessir undir hlýðni ok lögum hins blessaða guðs ástvinar, Ólafs konungs Tryggvasonar, þvíat hinum ríkustum gaf hann tign en hinum fátækustum miskunn, en öllum almenniliga veitti hann sína vernd ok varðveislu, ok því lifir hann nú ok at eilífu í hæztu himinrikis sæmð með sjálfum guði, þeim er lifir ok ríkir einn guð í þrenningu *per omnia secula seculorum. Amen.*

S a g a

af Þorsteini Bæarmagni.

Í þann tíma, er Hákon jarl Sigurðarson ræð fyrir Noregi, bjó sá bóndi í Gaulardal er Brynjólfur hét; hann var kallaðr Úlfaldi; hann var lendr maðr ok mikil kempa. Kona hans hét Dagný, hon var dóttir Járnskeggja af Yrjum. Þau áttu einn son, er Þorsteinn hét, hann var mikill ok sterkr, harðúðigr ok óaflátsamr við hvern sem eiga var. Engi var jafnistór í Noregi, ok traust fengust þær dyr at honum væri hægt um at gánga, ok því var hann kallaðr bæarmagn, þvíat hann þótti ofmagni bera flestum húsum. Hann var óþýðr ok fæk faðir hans honum því skip ok menn, ok var Þorsteinn þá ýmist í hernaði eðr í kaupferðum, ok tókst honum hvortveggja vel. Í þenna tíma tók ríki í Noregi Ólafr konúngr Tryggvason, en Hákon jarl var skorinn á háls af þræli sínum, þeim sem Þormóðr karkr hét. Þorsteinn bæarmagn gjörðist hirðmaðr Ólafs konungs, þótti konungi hann röskr maðr, ok hélta mikit til hans,

en ekki var hann mjög kendr af hirðmönnum, þótti þeim hann stríðlyndr ok óvæginn, ok hafði konúngr hann mjög til þess, at fara sendiferðir þær, sem aðrir töldust undan at fara; en stundum fór hann kaupferðir, at afla konúngnum gersema.

2. Eitt sinn lá Þorsteinn austr fyrir Balagardssíðu, ok gaf honum ei at sigla, gekk hann á land einn morgin, ok er sól var í landsuðri, var Þorsteinn kominn í eitt rjóðr; höll fagr var í rjóðrinu, hann sá einn kollóttan pilt uppá hólnum ok mælti: móðirmín, segir hann, fá þú mér út krókstaf minn ok bandvetlinga ¹⁾, þvíat ek vil á gandreið fara, er nú hátið í heiminum neðra; þá var snarat út úr hólnum einum krókstaf, sem elzskara væri, hann [stígr á stafinu ²⁾], ok drégr á sik vetlíngana, ok keyrir sem börn eru vön at gjöra. Þorsteinn gengr á hólinn, ok mælti slíkum orðum sem piltrinn, ok var þegar útkastat staf ok völlum, ok mælt þetta: hver tekr nú við? Bjálbi son þinn, sagði Þorsteinn; síðan stígr hann á stafinn ³⁾, ok riðr þar eptir, sem piltrinn fór undan. Þeir komu at einni móðu, ok steyptu sér ofan í hana, ok var því líkast sem þeir væði reyk. Því næst birti þeim fyrir augum, ok kvomu þar at, sem á fèll fram af hömrum; sér Þorsteinn þá bygð mikla ok borg stóra; þeir stefna til borgarinnar, ok sitr þar fólk yfir borðum; þeir

¹⁾ vantar, i A. ²⁾ tek staurinn, allir hinir. ³⁾ staurinn, allir hinir.

gengu í höllina, ok var höll skiputaffólk, ok var þar af aungu drukkit utan af silfrkerum; trapiza stóð á gólf; alt sýndist þeim ¹⁾ þar gulligt, ok ekki drukkit nema vín. Þat þóttist Þorsteinn skilja, at engi maðr sá þá; félagi hans fór með borðum, ok henti alt þat sem niðr fell. Konúngr sat þar í hásæti ok drotníng; menn voru glaðir um höllina. Þessu næst sér Þorsteinn at maðr kom í höllina ok kyaddi konúng, ok kveðst vera sendr til hans utan af Indíalandi úr fjalli því, er Lúkanus heitir, frá jarli þeim, er þar ræð fyrir, ok segir konungi, at hann var huldumaðr. Hann færði honum einn gullhring; eigi þóttist konúngr betri hríng sèð hafa, ok fór hríngrinn um höllina til sýnis, ok losuðu hann allir; hann var sundr tekinn í 4 stjóðum. Annann grip sá Þorsteinn, er honum þótti mikils um vert, þat var dúkr sá er lá á konúngs borðinu, hann var með gulligum röndum, ok í festir þeir tólf gimsteinar sem beztir eru; gjarna vildi Þorsteinn dúkinn eiga, kemr honum í hug at treysta á konúngs hamíngju, [ok vita hvort hann getr ekki náð hríngnum. Nú sér Þorsteinn at ²⁾ konúngrinn ætar at draga hrínginn á hönd sér, þá greip Þorsteinn hrínginn af honum, en annari hendi tók hann dúkinn, ok fór allr matr í saur, en Þorsteinn hljóp á dyr, en krókstafr hans varð honum eptir í höllinni. Verðr ný upphlaup mikil, hlaupa

¹⁾ honum, C, D, E.

²⁾ Ok er, hinir.

³⁾ deild.

menn út síðan, ok sjá hvar Þorsteinn fer, ok stefna eptir honum. Sér hann nú at þeir muni geta náð honum; hann mælti þá: ef þú ert svâ góðr, 'Ólafr konúngr! sem ek treysti mikit til þín, þá veittu mér lið. En svâ var Þorsteinn frár, (at) þeir kvomust ekki syrir hann, fyrrenn hann kom at ánni, ok staldraði hann þá við; þeir slógu hríng um hann, en Þorsteinn varðist vel, ok drap ótal marga, áðr förunautr hans kom ok færði honum stafinn, ok hurfu þeir þegar í móðuna; kvomu þeir aptr á hinn sama hól, sem fur gátum vér, þá sól var í vestri; kastaði piltrinn þá inn stafnum ok klæðsekk þeim, sem hann hafði fyldan af góðum krásum, ok svâ gjörði Þorsteinn. Kollsveinn hljóp inn; en Þorsteinn nam staðar við glugginn, hannsá þartvær konur, ok vaf önnur guðvef, en önnur ruggaði barni; sú mælti: hvat dvelr hann Bjálfa bróður þinn? Ekki hefir hann mér fylgt í dag, sagði hann. Hverr hefir þá farit með krókstafinn, segir hon? Þat var Þorsteinn bæarmagn, segir kollsveinn, hirðmaðr Ólafs konúngs; kom hann okkrí mikinn vanda, þvíat hann hafði or undirheimum þau þíng, at ei munu slík í Noregi, ok var við því búit, at við mundum drepnir, er hann kastaði stafnum í hendr þeim, ok eltu þeir hann til niðrgángs, ok þá færði ek honum stafinn, ok víst er hann hraustr maðr, þvíat ei veit ek, hversu marga hann drap. Ok nú laukst aptr haugrinn. Fór Þorsteinn nú til sinna manna, ok sigldu

þaðan til Noregs, ok fann Ólaf konung austr í Vík, ok færði honum gersemi þessi, ok sagði frá ferðum sínum, ok fanst mönnum mikit um. Konúngr bauð at gefa Þorsteini lén mikit, en hann kveðst enn vilja fara eina ferð í Austrveg; var hann nú með konungi um vetrinn.

3. At vori bjó Þorsteinn skip sitt, hann hafði snekkju ok fjóra menn ok 20; ok er hann kom við Jamtaland, lá hann í höfn einn dag, ok gekk hann á land at skemta sér. Hann kom í eitt rjóðr, þar var einn mikill steinn; skamt þaðan sá hann einn dverg furðuliga ljótan, ok grenjaði upp yfir sik; sýndist Þorsteini kjaþrinn snúinu út at eyranu, en öðrumegin nefit niðr at kjaptinum. Þorsteinn segir, því hann léti svâ heimsliga. Þú, góði maðr! sagði hann, undrast eigi, sér þú eigi þann mikla örн, er þar flýgr, hann hefir tekit son minn, ætla ek þat at sá ófognuðr sè sendr af Óðni, en ek spríng, ef ek missi barnit. Þorsteinn skaut eptir erninum ok kom undir vænginn, ok datt hann dauðr niðr, en Þorsteinn henti dvergsbarnit á lopti ok færði föðurnum, en dvergrinn varð feginn mjög ok mælti: þér á ek at launa lífgjöf ok sonr minn, ok kjós þér nú fyrir laun í gulli ok silfri. Græð þú fyrst son þinn, sagði Þorsteinn, er ek ei vanr at taka mútur á aſli ¹⁾ mínu. Eigi væri mér at óskyldara at launa, segir dvergrinn; man

¹⁾ aſli, A.

þér ekki þíkja framboðligr serkr minn af sauða ullu; en eigi muntu á sundi mæðast, ok eigi sár fá, ef þú hesir hann næst þér. Þorsteinn fór í serkinni, ok var honum mákuligr, en honum sýndist dvergnum of lítill; hann tók ok silfrhring [or púngi¹⁾] sínum ok gaf Þorsteini, ok bað hann vel geyma, ok sagði honum aldri fefsátt verða mundu, meðan hann ætti hrínginn. Síðan tók hann einn stein svartan ok gaf Þorsteini: ok ef þú felr hann í lósa þér, sér þík engi. Eigi hesi ek fleira, þat þér megi gagn at vera; hall einn vil ek gefa þér til skemtunar. Tók hann þá hallinn or púngi sínum, fylgði honum einn stálbroddr, hallrinn var þríhyrndr, hann var hvítr í miðju, en rauðr öðrnmegin, en gul rönd utan um. Dvergrinn mælti: ef þú pjakkar broddinum á hallinn, þar sem hann er hvítr, þá kemr haglhrið so mikil, at engi þorir móti at sjá; en ef þú vilt þýða þann snjó, þá skaltu pjakka þar sem gulr er hallrinn, ok kemr þá sólskin, so at alt bræðir; en ef þú pjakkar þar í, sem rauitt er, þá kemr þar or eldr ok eimyrja með gneistaflavg, so at engi má móti at sjá; þú mátt ok hæsa þat, sem þú vilt, með broddinum ok hallinum, ok hann kemr sjálfr aptr í hönd þér, þegar þú kallar. Get ek nú ekki launat²⁾) þér fleira at sinni. Þorsteinn þakkar honum gjafirnar, fór hann nú til sinna manna, ok var honum þessi ferð betr

¹⁾ af singri, D. E.

²⁾ gjört, hinir.

farin enn ófarin. Þessu næst gefr þeim byr, ok sigla í Austrveginn; koma nú á fyrir þeim myrkr ok hafvillur, ok vita þeir ekki hvor þeir fara, ok var þat hálfan mánuð at þessi villa hélzt.

4. Þat var eitt kyöld, at þeir urðu varir við land, köstuðu þeir nú akkérum, ok lágu þar um nóttina; um morguninn var goð veðr ok sólskin fagrt, voðu þeir þá komnir á einn fjörð lángan, ok sjá þeir þar hlíðir fagrar ok skóga; engi maðr var sá innanborðs, at þetta land þekti; ekki sáu þeir kvikt hvorki dýr nè fugla. Reistu þeir nú tjald á landi ok bjuggust vel um. At morni mælti Þorsteinn til sinna manna: ek vil gjöra yðr kunnigt um ætlan mína; þér skuluð bíða míin hèr 6 nætr, ætla ek mér at kanna land þetta. Þeim þótti mikil fyrir því, ok vilja með honum fara, en Þorsteinn vill þat ei: ok ef ek kem ei aptr, áðr 7 sólir eru af himni, segir hann, þá skulu þér sigla heim, ok segja so Ólafi konungi, at mér mun ekki auðit verða aptrat koma. Gengu þeir þá með honum upp á skóginn, því næst hvarf hann þeim, ok fóru þeir aptr til skips, ok breyttu eptir því, sem Þorsteinn bauð þeim. Nú er at segja af Þorsteini, at allan þann dag gengr hann um mörkina, ok verðr við ekki var; en at áliðnum degi kemr hann á eina braut breiða, hann gekk eptir brautinni þangat til at aptnaði, gekk hann þá brott af brautinni, ok víkr at einni stórrri eik, ok stígr upp í hana, var þar nóg rúm í at liggja, sefr hann þar um nóttina; en er sólin

kom upp, heyrir hann dunur miklar ok manna mál, sá hann þá hvar margir menn riða, þeir voro 2 og 20, þá bar so skjótt umfram; undraðist Þorsteinn mjög vöxt þeirra, hafði hann ei sèð jafnstóra menn fyrr. Þorsteinn klæðir sik; líðr nú morgininn til þess at sól er komin í landsuðr.

5. Nú sér Þorsteinn þrjá menn riða vel vopnaða ok svá stóra, at aunga menn sá hann fyrr jafnstóra; sá var meistr er í miðit reið í gullskotnum klæðum á bleikum hesti, en hinir 2 riðu á grám hestum í rauðum skallats klæðum. En er þeir kvomu þar gegnt, sem Þorsteinn var, mælti sá sem fyrir þeim var ok nam staðar: hvat er kvikt í eikinni? Þorsteinn gekk þá á veginn fyrir þá, ok heilsaði þeim, en þeir ráku upp hlátr mikinn ok mælti [hinn mikli maðr¹]: sjaldsénir eru oss þvílskir menn, eðr hvert er nafn þitt, eðr hvaðan ertu? Þorsteinn nefndi sik ok kveðst vera kallaðr bæarmagn: en kyn mitt er í Noregi, er ek hirðmaðr Ólafs konungs. Hinn mikli maðr brosti ok mælti: mest er logið frá hirðprýði hans, ef hann hefir aungvan vaskligri; þiki mér þú heldr mega heita bæarbarn enn bæarmagn. Lát nokkut fylgja nafnfesti, segir Þorsteinn. Hinn mikli maðr tók fingrgull ok gaf Þorsteini, þat vó 3 aura. Þorsteinn mælti: hvert er þitt nafn, eðr hverrar stéttar ertu, eðr í hvert land er ek kominn? Goðmundr

heiti ek, ræð ek þar fyrir, sem á Glæsisvöllum heitir, þar þjónar til þat land, er Risaland heitir; ek er konungs son, en míni sveinar heitir annar Fullsterkr en annar Allsterkr; eðr sáttu aunga menn riða hér um í morgin? Þorsteinn mælti: hér riðu um 2 menn ok 20 ok létu ei lítinn. Þeir eru sveinar míni, segir Goðmundr. Pat land liggr hér næst, er Jötunheimar heitir, þar ræðr sá konúngr, er Geirravðr heitir, undir hann eru vær skaltgildir. Faðir minn het Úlfhéðin trausti, hann var kallaðr Goðmundr sem allir aðrir, þeir á Glæsisvöllum búa; en faðir minn fór í Geirravðar garða, at afhenda konungi skatta sína, ok í þeirri ferð fékk hann bana; hefir konúngr gjört mér boð, at ek skyldi drekka erfi eptir föður minn, ok taka slíkar nafnbætr, sem faðir minn hafði; en þó unum vær illa við at þjóna Jötnum. Því riðu yðrir menn undan? segir Þorsteinn. Mikil á skilrland vort, segir Goðmundr, sú heitir Hemra, hon er svá djúp ok straung, at hana vaða aungvir hestar, nema þeir sem vær kumpánar eigm; skulu hinir riða fyrir uppsprettu árinnar, ok finnumst vær í kveld. Pat mundi skemtan at fara með yðr, segir Þorsteinn, ok sjá hvat þar verðr til tíðinda, Ei veit ek [hversu þat hentar¹], segir Goðmundr. Þvíat þú munt kristinn. Ek mun mik ábyrgjast, segir Þorsteinn. EKKI vilda ek þú hlytir vont af mér, sagði Goðmundr, en ef Ólafr konúngr

¹) fyrirmáðrinn, hinir.

¹) hverju þat sætir C. D. E.

vill leggja gæfu á með oss, þá mundi ek framt á treysta at þú færir. Þorsteinn segist því heita vilja. Goðmundr biðr hann fara á bak með sér, ok svá gjörði hann. Ríða þeir nú til árinnar, var þar eitt hús, ok tóku þeir þar önnur klæði, ok klæddu sik ok sína hesta; þau klæði voru þeirrar náttúru at ekkifesti vatn á þeim, en vatnit var só kalt, at þegar hljóp drep í, ef nokkut vökn-aði. Riðu þeir nú yfir ána, hestarnir vóðu sterkliga, hestr Goðmundar rasaði, ok varð Þorsteinn votr á tanni, ok hljóp þegar drep í; en er þeir kvomu af ánni, breiddu þeir niðr klædin til þerris; Þorsteinn hjó af sér tána, ok fanst þeim mikit um hreysti hans. Ríða þeir nú sinn veg, bað Þorsteinn þá ei fela sik: þvíat ek kann at gjöra þann hulins hjálm, at mik sér engi. Goðmundr segir þat góða kunnáttu. Kvomu þeir nú til borgarinnar, ok kvomu menn Goðmundarí móti honum; riðu þeir nú í borgina, mátti þar nú heyra alsháttar hljóðfæri, en ekki þótti Þorsteini af setning sleigit. Geirravðr konúngr kom nú í mótt þeim, ok fagnaði þeim vel, ok var þeim skipat eitt steinhús eðr höll at sofa í, ok menn til fengnir at leiða hesta þeirra á stall; var Goðmundr leiddr í konúngr höll. Konúngr sat í hásæti, ok jarl sá hjá honum, er Agði hét, hann ræð fyrir því héraði, er Grundir heita, þat er á millum Risalands ok Jötunheima, hann hafði atsetu at Gnípalundi, hann var [fjölkunnigr ok menn hans voru tröllum

likari enn" mönnum ¹⁾). Goðmundr settist á skörina fyrir öndvegit gagnvart konungi, var sá siðr þeirra, at konungs son skyldi ekki í hásæti sitja, fyrrenn hann hefði tekit nafnbætr eptir föður sinn, ok drukkit væri hitt fyrsta full. Rís þar nú upp en vænsta veizla, ok drukku menn glaðir ok kátir, ok fóro síðan at sofa. En er Goðmundr kom í hús sitt, sýndi Þorsteinn sik, hlógu þeir at honum; Goðmundr sagði mönnum sínum, hyer hann var, ok bað þá ekki hafa hann at hlátri, ok sofa þeir af um nótina.

6. Nú er morgen kom, voru þeir snemma á fótum, var Goðmundr leiddr til konungs hallar. Konúngr fagnaði honum vel, viljum vér nú vita, segir konúngr, hvort þú vilt veita mér slíka hlýðni sem faðir þinn, ok vil ek þá auka þínar nafnbætr, skaltu þá halda Risalandi, ok sverja mér eiða. Goðmundr svarar: ekki er þat lög at krefja svá únga menn til eiða. Þat skal vera, sagði konúngr. Síðan tók konúngr guðvefjar skikkju ok lagði yfir Goðmund, ok gaf honum konúngsnafn, tók síðan horn mikit ok drakk til Goðmundi; hann tók við horninu ok þakkaði konúngr; síðan stóð Goðmundr upp, ok sté á stokkinn fyrir sæti konúngrs, ok streingði þess heit, at hann skal aungum konúngrí þjóna nè hlýðni veita, meðan Geirravðr konúngr lifði. Konúngr þakkaði honum, sagði sér þat þikkja meira vert, enn þótt hann hefði eiða svarit. Síðan drakk Goðmundr

¹⁾ tröll mikit ok menn hans. C. D.

af horninu, ok gekk til sætis síns, voru menn þá glaðir ok káfir. 2 menn eru nefndir með Agða jarli, hét annar Jökull en annar Frosti, þeir voru öfundsjúkir; Jökull þreif upp uxahnútu ok kastaði í lið Goðmundar. Þorsteinn sá þat, ok henti á lopti, ok sendi aprtr, ok kom á nasir þeim, er Gustr hét, ok brotnaði í honum nefit, ok or honum allar tennrnar, en hann fell í óvit. Geirravðr konúngr reiddist, ok spurði hvern berði beinum yfir hans borð; sagði hann at reynt skyldi verða, hvern sterkastr væri í steinkastinu, áðr enn úti væri. Síðan kallar konúngr til 2 menn, Dravtt ok Hausvi¹⁾: fari þið ok sækst gullhnayit minn, ok berit hann híngat. Þeir fóru ok komu aprtr með eitt sels höfuð, er stóð 10 fjórðúnga, þat var glóandi, svá at sindraði af svá sem or aflu, en fitan draup niðr sem glóanda bik. Konúngr mælti: takitnú knöttinn, ok kastit hvern at öðrum, hvern sem niðr fellir, skal fara útlægr ok missa eignir sínar; en hvern eigi þorir at henda, skal heita niðingr.

7. Nú kastar Dravtr knettinum at Fullsterk, hann greip á móti annari hendi; Þorsteinn sá athonum varð orkuðatt ok hljóp undir knöttinn. Þeir snöruðu at Frosti; þvíat kapparnir stóðu fremstir við hvorntveggja bekkinn; Frosti tók móti sterkliga, ok kom svá nær andliti hans, at kinnbeini lifnaði. Hann kastar knettinum at Allsterk, hann tók í móti báðum höndum, ok lá

¹⁾ eðr. Hausvi.

við at hann mundi kikna, áðr Þorsteinn studdi hann. Allsterkr snaraði at Agða jarli, en hann greip móti báðum höndum, fitan kom í skeggit á honum, ok logaði þat alt, ok var honum til þess annast at afhenda knöttinn; ok fleygir at Goðmundi konungi; en Goðmundr snaraði at Geirravði konungi, en hann veik sér undan, ok urðu þeir fyrir Dravtr ok Hausvir, ok fengu þeir bana; en knöttrinn kom á glerglugg einn, ok svá út í díki þat, sem grafit var um borgina, ok hljóp upp eldr logandi. Var nú lokit þessu gamni, tóku menn þá til drykkju; sagði Agði jarl at honum frýsi¹⁾ hugr við jafnan, er hann kom í flokk Goðmundar. Um kveldit gekk Goðmundr at sofa ok hans menn, þókuðu þeir Þorsteins hjástöðu, at þeim hefði slisalaust farit. Þorsteinn kvað lítit tilreynt, eðr hyat mun til gamans haft á morgin? Konúngr mun láta glíma, segir Goðmundr, ok munu þeir þá hefna sín; þvíat fjarstætt er um aflu vort. Konúngs gæfa mun styrkja oss, segir Þorsteinn, hirðit eigi þótt þér berist þangat at, sem ek er fyrir. Sofa þeir af um nóttnina; en at morni fór hvern til sinnar skemunar, en matsveinar at dúka borð. Geirravðr konúngr spurði, hvert menn vildu ekki glíma; en þeir sögðu at hann skyldi ráða. Síðan afklæðast þeir ok tókust fángbrögðum. Þorsteinn þóttist ei sèð hafa slíkan atgáng, þvíat alt skalf, þá þeir félleu, ok lèkst mjög á mönnum Agða jarls.

¹⁾ hrysi, B.

Frosti gekk nú fram á gólfit ok mælti: hvern skal mér á móti? Til mun verða einnhverr, sagði Fullsterkr. Ráðast þeir nú á, ok voru með þeim miklar sviptíngar, [ok er Frosti miklu sterkari; berast þeir nú at Goðmundi; Frosti tekur hann uppá bríngu sér ok keiktist mjög ¹⁾]. Þorsteinn slær fæti sínum í knésbætr honum, ok fell Frosti á bak aptr, en Fullsterkr á hann ofan; hnakkinn sprakk á Frosti ok olbogarnir. Hann stóð seint upp ok mælti: ekki ero þér einir at gamninu, eðr því er svá fult í flokki yðrum? Skamt á nefit at kenna or kjaptinum, sagði Fullsterkr. Jökull stóð þá upp, ok Allsterkr röðst þá í móti hontum, ok var þeirra atgángr hinn harðasti; en þó var Jökull sterkari, ok bar hann at bekk, þar sem Þorsteinn var fyrir. Jökull vildi draga Allsterk frá bekknunum ok togast við fast, en Þorsteinn hélta honum. Jökull tók so fast, at hann sté í hallargólfit upp at ökla, en Þorsteinn hratt Allsterk frá sér, ok fell Jökull á bak aptr, ok gekk or liði á honum fótinn. Allsterkr gekk til bekjar, en Jökull stóð upp seint ok mælti: ekki sjáum vér alla þessa, sem á bekknunum eru. Geirravðr segir Goðmundi, hvort hann vildi ekki glíma. En hann kveðst aldri glímt hafa, en kveðst ei vildu synjast. Konúngr bað Agða jarl hefna manna sinna. Hann kveðst laungu hafa aflagt, en segir konung ráða skyldu. Síðan afklæddust þeir; ei þóttist Þorsteinn sèð hafa trölls-

¹⁾ vantar i A.

ligri búk enn á Agða, var hann blár sem Hel. Goðmundr reis mótt honum, var hann hvítr á skinnslit. Agði jarl hausvaðist ¹⁾ at honum, ok lagði svá fast krunumurnar at síðum hans, at alt gekkníðr at beini, ok bárust þeir viða um höllina, ok er þeir kvomu þar, sem Þorsteinn var, þá brá Goðmundr jarli til sniðglímu, ok snéri honum vakrliga. Þorsteinn lagðist niðr fyrir fætr jarli, ok felli hann þá, ok stakk niðr nösunum, ok brotnaði í honum þjófsnesfit ok 4 tennr. Jarl stóð upp ok mælti: þung verða gamalla manna föll, ok svá þýngst at þrír gángi at einum. Fóru menn þá í klæði sín.

8. Pessu næst fóru þeir konúngr til borða; töluðu þeir Agði jarl um, at þeir mundu einhvern prett við hafa haft: þvíat mér býðr ávalt hita, er ek kem í þeirra flokk. Látum bíða, segir konúngr, sá mun koma, at okkr mun kunngjöra. Tóku menn þá at drekka. Þá voru borin in 2 horn í höllina, þau átti Agði jarl, gersemar miklar, ok voru köllut Hvítíngar, þau voru ægja álna há ok gulli búin. Konúngr lét sitt hornit gánga á hvorn bekk: ok skal hvern drekka af í einu; sá sem því orkar ei, skal fá byrlaranum eyri silfrs. Gekk aungum af at drekka utan köppunum, en Þorsteinn gat svá til sèð, at þeir sem með Goðmundi voru, varð engi vítr. Drukku menn nú glaðir þat sem eptir var dagsins, en um kveldit fóru menn at sofa. Goðmundr þakkaði Þorsteini

¹⁾ eðr, hausvaðist.

fyrir góða hjástöðu. Þorsteinn spurði nær endast mundi veizlan. At morni skulu menn mírir ríða, segir Goðmundr; veit ek at nú lætr konúngr alt við hafa, eru nú sýndar gersemar, lætr konúngr nú bera inn horn sitt hit mikla, þat er kallað Grímr hinn góði, þat er gersemi mikil, ok þó galdrarfult ok búit með gull; manns-höfut er á stiklinum með holdi ok munni¹⁾, ok þatmælir við menn, ok segir fyrir óvorðna hluti, ok ef þat veit ófriðar von; verðr þat bani vor, ef konúngr veit at kristinn maðr er með oss; munu vér ei þurfa at vera fésparir við hann. Þorsteinn sagði Grím eigi mæla fleira, enn Ólafr konúngr vildi: en ek ætla at Geirravðr sé feigr, þikki mér ráð at þér hafit míni ráð heðan af, skal ek sýna mik á morgin. En þeir sögðu þat hættu ráð. Þorsteinn sagði at Geirravðr vildi þá seiga: eðr hvat segir þú mér af Grími hinum góða fleira? Þat er frá honum at segja, at meðalmaðr má standa undir bugtinni á honum, en álnar breitt yfir beitina, ok ersá mestr drykkjumaðr í þeirra liði, er drekkr beitina, en konúngr drekkr af í einu. Hverr maðr, á at gefa Grími nokkura gersemi, en sú virðing þikir honum sér mest gjör, at í einu sér af drukkit, en ek veit at mér ber fyrstum af at drekka, en þat er einskis manns þol at drekka þati einu. Þorsteinn mælti: þú skalt fara í serk minn, því þér má (þá) ekki granda, þó at ólyfjan sér í drykknum; tak kórónu

¹⁾ hári, hinir.

af höfði þér, ok gef Grím hinum góða, ok seg í eyra honum, at þú skalt gjöra honum miklu meira heiðr enn Geirravðr, ok síðan skaltu láta sem þú drekkir, en eitr mun í horninu, ok skaltu steypa niðr næst þér, ok mun þik ekki saka; en þá er drykkjuskapr er úti, skaltu láta menn þína ríða. Goðmundr sagði at hann skuli ráða: en ef Geirravðr deyr, þá á ek alla Jötunheima, en ef hann lifir lengr, verðr þat bani vor. Síðan sofa þeir af um nöttina.

9. Um morguninn eru þeir snemma á fótum, ok taka sín klæði; þá kemr Geirravðr konúngr til þeirra, ok biðr þá drekka velfaranda sinn. Þeir gjörðu svâ. Voru fyrst drukkin hornin Hvítíngar næst máldrykkju skálum; en þá var drukkit minni Þórs ok Óðins¹⁾, því næst kvomu inn margir slagir hljóðfæra, ok 2 menn nokkuru minni enn Þorsteinn, þeir báru Grím hinn góða. Allir stóðu upp ok fellu á kné fyrir honum. Grímr var óhýrligr. Geirravðr mælti til Goðmundar: tak við Grím hinum góða, ok er þetta þín handsals skál. Goðmundr gekk at Grími, ok tók af sér gullkórónu ok setti á hann, ok mælti í eyra honum, sem Þorsteinn hafti sagt honum; síðan lét hann renna af horninu ofaní serk sér, ok var eitr í. Hann drakk til Geirravði konúngi ok kysti á stikilinn, ok fór Grímr hlæjandi frá honum; tók Geirravðr þá við fullu horninu, ok bað Grím með góðri heill koma,

¹⁾ allra Ása, hinir.

ok bað hann kunngjöra sér, ef nokkur háski væri nær: hefi ek opt sèð þík með betra bragði. Tók hann gullmen af sér ok gaf Grími, drakk síðan til Agða jarli, ok þótti því likast, sem boði felli á sker, er niðr rann eptir hálsinum á honum, ok drakk af alt. Grímr hristi höfuðit, ok var hann borinn Agða jarli, ok gaf hann honum 2 gullhrínga, ok bað sér miskunar, ok drakk síðan afí þremr, ok fèkk byrlaranum. Grímr mælti: svâ ergist hvern sem eldist. Þá var hornit fyllt, ok skyldu þeir drekka af 2, Jökull ok Fullsterkr. Fullsterkr drakk fyrr. Jökull tók við ok leit í hornit, ok kvað lítilmannliga drukkit, ok sló Fullsterk með horninu; en hann rak hnafann á nasir Jökli, svâ þjófshakan brotnaði, en or hrutu tennrnar; var þá upphlaup mikil. Geirravðr bað menn ei láta þetta spyrjast, at þeir skildi svâ illa. Voru þeir þegar sáttir, ok var Grímr hinn góði burt borinn.

10. Litlu síðar kom maðr gágandi í höllina; allir undruðust hversu líttill hann var; þat var Þorsteinn bæarbarn; hann veik at Goðmundr ok sagði, at hestar værn til reiðu. Geirravðr spurði, hvað barn at þat væri? Goðmundr segir: þater smásveinn minn, er Óðin konúngr sendi mér, ok er konungs gersemi, ok kann marga smáleika, ok ef yðr þætti nokkuru neytr, þá vil ek gefa yðr hann. Þat er svipmikill drengr, segir konúngr, ok vil ek sjá fimleika hans, ok bað Þorstein leika nokkurn smáleik.

Þorsteinn tók hall sinn ok brodd, ok pjakkar þarí, sem hvítt er; kemr haglhríð svâ mikil, at engi þorir í móti at sjá, ok varð svâ mikil fönn í höllinni, at tók í ökla. Konúngr hló at. Nú stángaði Þorsteinn hallinn, þar sem hann var gulr, kom þá sólskin svâ heitt, at snjórinn bráðnaði allr á lítilli stundu; þar fylgði sætr ilmr, en Geirröðr kvað hann vera listamann; en Þorsteinn segir eptir einn leikinn, er heitir svipuleikr¹⁾. Konúngr segist hann sjá vilja; Þorsteinn stóð á miðju hallar gólfí, ok pjakkar þar í hallinn, sem rautt er, stökkva þar or gneistar; síðan hleypr hann um höllina fyrir hvert sæti, tókust þá at vaxa gneista flavgin, svâ at hvern maðr varð at geyma sín augu; en Geirröðr konúngr hló at; tók þá at vaxa eldrinn svâ at öllum þótti við of um. Þorsteinn hafði sagt Goðmundi fyrir, at hann skyldi út gánga ok fara á hest. Þorsteinn hleypr fyrir Geirröð ok mælti: vilí þér láta auka leikinn? Lát sjá, sveinn! sagði hann. Pjakkar Þorsteinn þá í fastara lagi; kemr þá í auga Geirröði konúngi. Þorsteinn hleypr til dyranna, oksnaraði hallinum ok broddinum, ok kom í sitt auga hvort á Geirröði konúngi, ok steyptist hann dauðr á gólfit, en Þorsteinn gekk út; var Goðmundr þá kominn á hest. Þorsteinn bað þá riða: þvíat nú er ekki deigum vært. Þeir riða til árinnar; var þá aptr kominn hallr-

¹⁾ svipuleikr, G. A.

3 deild.

inn ok broddrinn. Þorsteinn segir, at Geirröðr var dauðr. Ríða þeir nú yfir ána, ok þángatsem þeir höfðu fundizt; þá mælti Þorsteinn: hér munu vær nú skilja, ok mun mönnum mínum mál þíkja, at ek komi til þeirra. Far heim með mér, sagði Goðmundr, ok skal ek launa þér góða fylgð. Síðan mun ek þess (boðs) vitja, segir Þorsteinn, en aptr skalt þú fara með fjölmenni í Geirruðargarða; er nú landit í yðru valdi. Þú munt ráða, sagði Goðmundr, en Ólafi konungi skaltu færa kveðju mína; tók hann þá eitt gullker ok silfrdisk ok tvítugt handklæði gullofit, ok sendi konungi, en bað Þorstein vitja sín, ok skildu með kærleikum.

11. En nú sér Þorsteinn, hvar Agði jarl fer í allmiklum jötunmóð. Þorsteinn fer eptir honum, sér hann þá mikinn húsabæ, er Agði átti. Al dingarðr var við grindhliðit, ok stóð þar við ein júngfrú, hon var dóttir Agða, ok hét Goðrún, mikil var hún ok fríð; hon heilsaði föður sínum, ok spurði tíðinda, segir hann, Geirröðr konúngr er dauðr, ok hefir Goðmundr af Glæsisvöllum svikit oss alla, ok hefir leynt þar kristnum manni, ok heitir sá Þorsteinn bæjarmagn, hann hefir ausit eldi í augu oss, skal ek nú drepa menn hans, kastar hann þar niðr hornunum Hvítíngum, ok hljóp til skógar, sem hann væri galinn. Þorsteinn gekk at Goðrúnu; hon heilsaði honum, ok spurði hann at nafni. Hann kvaðst Þorsteinn bæarbarn heita, hirð-

maðr Ólafs konúngs. Stór mun þar hinn stærsti, sem þú ert barnit, sagði hon. Viltu fara með mér, segir Þorsteinn, ok taka við trú? Við lítit yndi á ek hér at skiljast, segir hon; þvíat móðir mína er dauð: hún var dóttir Óttars jarls af Hólmgörðum, ok voru þau ólík at skapsmunum, þvíat faðir minn er mjög travllaukinn, ok sér ek nú at hann er feigr; en ef þú vilt fylgja mér aptr híngat, þá mun ek fara með þér. Síðan tók hon þíng sín, en Þorsteinn tók hornin Hvítíngu; síðan gengu þau á skóginn, ok sáu hvar Agði fór, hann grenjaði mjög, ok hélta fyrir augun; hafði þat samanborit, þegar hann sá skip Þorsteins, hljóp sá verkr í þjófs¹⁾ augun á honum, at hann sá eigi; var þá komit at sólarfalli, er þau kvomu til skips; voro menn Þorsteins þá burt búinir, en er þeir sáu Þorstein, urðu þeir segnir; síði Þorsteinn þá á skip, ok sigldu burt, er ei getit um ferð hans, fyrr enn hann kom heim í Noreg.

12. Þenna vetr sat Ólafr konúngr í Prándeimi. Þorsteinn fann konúng at jólum, ok færði honum gripi þá, sem Goðmundr sendi honum, ok hornin Hvítíngu ok marga aðra gripi; sagði hann konungi frá ferðum sínum, ok sýndi honum Goðrúnu. Konúngr þakkaði honum, ok lofuðu allir hans hreysti, ok þótti mikils um vert; síðan lét konúngr skíra Goðrúnu, ok kenna

¹⁾ v. i. B. C. D.

trú. Þorsteinn lèk svipuleik um jólin, ok þótti mönnum þat skemtan mikil. Hvítíngar gengu í minnum, ok voro 2 menn um hvort horn; en ker þat, sem Goðmundr hafði sent konungi, gekk aungum af at drekka utan Þorsteini bæarbarni; handklæðit brann ei, þótt því væri í eld kastat, ek var hreinna eptir enn áðr. Þorsteinn talar um við konung, at hann vildi gjöra brullaup til Goðrúnar, en konúngr veitti honum þat, ok var þat sæmilig veizla. Ok hina fyrstu nött, er þau kvomu í eina sæng, (ok) niðr var hleypt fortjaldinu, þá brast upp þilfjöl at höfðum Þorsteins, ok var þar kominn Agði jarl, ok ætlaði at drepa hann; en þar laust í móti hita so miklum, at hann þorði ei inn at gánga, snéri hann þá í burtu. Þá kom konúngr at, ok slo hann með gullbínu refði i höfuðit, en hann steyptist niðr í jörðina; helt konúngr vörð um nótina, en um morgunin voru horfin hornin Hvítíngar; gekk veizlan vel fram, sat Þorsteinn með konungi um vetrinn, ok unnuust þau Goðrún vel. Um vorit beiddi Þorsteinn orlofs, at sigla í Austrveginn, ok finna Goðmund konung; en konúngr sagðist þat eigi gjöra, utan hann lofaði at koma apr. Þorsteinn hèt því. Konúngr bað hann halda trú sína vel; ok eiga meira undir þér enn þeim austr þar. Skildust þeir með kærleikum, ok báðu allir vel fyrir honum, þvíat Þorsteinn var orðinn vinsæll; sigldi hann í Austrveg, ok er eigi getit annars, enn sú ferð færist vel; kom hann á Glæsisyöllu, ok

fagnaði Goðmundr honum vel. Þorsteinn mælti: hvað hafi þér frétt or Geirravðargörðum? Pángat fór ek, segir Goðmundr, ok gáfu þeir landit í mitt vald, ok ræðr þar fyrir Heiðrekr Úlfhamr, son minn. Hvar er Agði jarl? segir Þorsteinn. Hann lét gjöra sér haug, þá þér fóruð, segir Goðmundr, ok gekk þar í með mikit fè; en þeir Jökull ok Frosti drukknuðu í ánni Hemru, er þeir fóru ¹⁾ frá veizlunni, en ek hefi nú vald yfir héraðinu á Grundum. Þar er nú mikit undir, segir Þorsteinn, hverju þú vilt mér af skipta, þvíat mér þíkkir Goðrún eiga arf allan eptir föður sinn, Agða jarl. Ef þú vilt vera minn maðr, sagði Goðmundr. Þá munu ekki vanda um trú mína, segir Þorsteinn. Þat vil ek, sagði Goðmundr. Síðan fóru þeir til Grunda, ok tók Þorsteinn héraðit undir sik.

15. Þorsteinn reisti bú at Gnípalundi, þvíat Agði jarl hafði gengit apr, ok eytt bæinn, gjörð-ist Þorsteinn höfðíngi mikill. Guðrún fæddi sveinbarn mikit litlu síðar, ok hét Brynjólfur. Ekki var traust, at Agði jarl glettist ei við Þorstein. Eina nött gekk Þorsteinn af sæng sinni, ok sá hvar at Agði fór, hann þorði hvergi inní hliðin, þvíat kross var fyrir hverjum dyrum. Þorsteinn gekk til haugsins, hann var opinn, ok gekk hann inn, ok tók burt hornin Hvítínga; þá kom Agði jarl í hauginn, en Þorsteinn hljóp út hjá honum, ok setti kross í dyrnar, ok laukst apr haugr-

¹⁾ riðu, hinir.

inn, ok hefir ekki orðit vart við Agða síðan. Um sumarit eptir fór Þorsteinn til Noregs, ok færði Ólafi konungi hornin Hvítínga; síðan fèkk hann orlof, ok sigldi til eigna sinna; bauð konúngr honum halda vel trú sína; höfum vér eigi frétt síðan til Þorsteins. En þá Ólafr konúngr hvarf af Orminum lánga, hurfu hornin Hvítíngar. Lúkum vér þar þætti Þorsteins bæjarbarns.

P á t t r

Þorsteins skelks.

Pat er sagt um sumarit eptir at Ólafr konúngr fór at veizlum austr um Víkina ok viðar annarstaðar, tók hann veizlu á þeim bæ, er á Reinu heitir, hann var mjök fjölmennr; sá var maðr þá með konungi, er Þorsteinn hét, Þorkelsson, Ásgeirssonar æðikolls, Auðunarsonar skökuls, íslenzkr maðr, ok hafði komit til konungs um vetrinn áðr. Um kveldit er menn sátu yfir drykkjuborðum, talaði Ólafr konúngr, at engi maðr af hans mönnum skyldi einnsaman fara í salerni um náttina, þvíat hverr sem gánga beiddist, skyldi með sér kalla sinn rekkjufélaga, ella kvað hann eigi mundu hlýða. Drekka menn nú vel um kveldit, en er ofan voru drykkjuborð, gengu menn at sofa, ok er áleið náttina, vaknaði Þorsteinn íslendíngr, ok beiddi at gánga af säng, en sá svaf fast, er hjá honum lá, svá at Þorsteinn vildi víst eigi vekja hann; stendr hann þá upp, ok kippir skóm á fætr sér, ok tekur yfir sik einn

UBBHF Mag Y 1269/nr. 3

FORNMANNA SÖGUR,

EPTIR GÖMLUM HANDRITUM

ÚTGEFNAR

AÐ TILHLUTUN HINS

NORRÆNA FORNFRÆÐA FÉLAGS.

Urðar orði
kveðr engi maðr.

Fjölsvinnsmál



PRIĐA BINDI.

Niðrlag sögu Ólafs konúngs Tryggvasonar
með tilheyrandi þáttum.

Kaupmannahofn, 1827,

Prentaðar hjá *Harðvíg Friðrek Popp.*

75d226512 / 97d019318

SAGA ÓLAFSKONÚNGS TRYGGVASONAR.

EPTIR GÖMLUM SKINNBOKUM

ÚTGEFIN

AÐ TILHLUTUN HINS

NORRÆNA FORNFRÆÐA FELAGS.

NIÐRLAG SÖGUNNAR

með tilheyrandi þáttum.

Kaupmannahofn, 1827,

Prentuð hjá Harðvíg Friðrek Popp.

F o r m á l i.

Hér legst nú fyrir almennings sjónir lið þriðja bindi *Fornmanna sagnanna*, eðr niðrlag sögn Olafs konúngs Tryggvasonar, ásamt tíu þáttum, er annaðtveggja heyra einmít sjálfrí sögunni til, eðr því tímarúmi, er sagan yfirgrípr. Fleiri þættir, enn þeir er hér eru prentaðir, finnast að sönnu í *Flateyjarbók*, viðriðnir við sögu Olafs konúngs Tryggvasonar, t. d. *Þáttr um Héðin og Högna konúnga*, *Norna Gests þáttr* og *Fundinn Noregr*, hverjir líka finnast í þeirri útgáfu sögunnar, sem prentuð er í Skálholti árin 1689 - 90. Þessir þættir eru þess vegna ekki hér prentaðir, að þeir heyra ekki eginlega til sögu Olafs konúngs Tryggvasonar; þareð þeir atburðir, er þeir fráskíra, eru miklu eldri enn það tímabil, sem sögur Olafs konúngs og Haralds hárfagra yfirgrípa; líka virðast þeir að vera af öðrum toga spunnir, og, hvað frásagnar og atburða trúverðugleika snertir, miðr áreiðanligir, þar svo þykir, sem fornaldar trúar meiníngum sè blandað saman við sjálfa atburdina, er frá verdr sagt; færí því bezt að þættir þessir prentuðust útaf fyrir sig í safni sinna líka. Mörgum mun að líkendum þykja að nokkrir af þeim þáttum, er hér finnast, sér líkrar náttúru, og að frásagnarmátiun í þeim sè mjög ýkjufullr og ýmsir atburðir, er þeir innihalda, nærsta ótrúligir; og hafa þeir að vísu mikið til síns máls; en þó er það ljóst að þeir menn, er þessir þættir herma frá, hafa samtíða verið, þótt frá athöfnum þeirra og hreystiverkum sè öðruvísi sagt, enn frá likra manna í sjálfrí sögunni, hvað og berliga vottar, að slíkir viðburðir eru seinna í rit færðir enn sjálf saga Olafs konúngs, hverja að öllum líkendum, í tilliti til trúverðugleika, orðfærис og atburða vals, ugglauast má telja meðal enna elztu ritgjörða um konung þenna á norræna túngu.

I formálanum fyrir 1sta bindinu höfum ver gert grein fyrir þeim handritum, sem notuð hafa verið við sjálfrar sögunnar útgáfu frá upphafi til enda, og lýst þeirri skinnbók, merkt A, sem lögð hefir verið til grundvallar, svo hér gerist engi þörf að ítreka það; þarvið er heldr engu að bæta, utan að það eina blað, sem vantaði í A., er tekið úr B., og nær sá kafli, sem tekinn er úr B. frá þeim orðum í 2ru bindi blaðs. 311 lín. 22: „Pess getr Hallarsteini” til blaðs. 319 lín. 9, hvar A byrjar aptr med þessum orðum: „þá flugu svá þykt o. s. fr.

Hér skal nú ýtárligar greina frá meðferð á þáttum þeim, sem hér, eru prentaðir, og þeim handritum, sem við þeirra útgáfu hafa notuð verið. Er þá:

1) *Saga skálða Haralda konungs hárfagra*. Af sögu þessari finnast 3 pappírs handrit i fornfræðasafni Arna Magnússonar, 2 í arkarformi Nr. 67, A. og B.; þær kallast því hér A. og B. Bárðar þessar bækir eru samhljóða. Það 3ja handrit Nr. 307 er í 4blformi, og er í tilliti til einstakra orða frábrugðið, líka er fáeinum orðum úrslept, hvar eyður eru; þessi bók kallast C. Fyrsta blað sögunnar er prentað eftir Nr. 307, þvíat handrit þetta er leiðrött eins lángt, og stórt audt rúm þar í með hendi Arna Magnússonar uppfyllt; hid annað er tekið úr 67, B.; en þegar lokið var prentun sögunnar eftir handritunum, er hér greinir, fann Hra. Cand. phil. Þorsteinn Helgason hana, í gömlum skinnbókar blöðum í Arna Magnússonar safninu Nr. 544. í 4bl. ritaða á kálfskinn. Bókfellið er á að líta mjög gamalt með smáu letri ok bundið, þykir ei ólíkt eftir útliti ok ritunarhaetti þess, að það sé í byrjun 14du aldarritað. Eigi má með öllu ráða, hvört nokkuð af handritum þeim, er fyrr var getið, sé skrifastað eftir því; kapítulum er örðruvísí skipt; en það sem vantar í handritin verðr ekki lesið, nema lítið frekara af vísunum, og má það sjá, ásamt þeim helzta ordamun

sem Hra. Helgason hefir fundið til leiðröttíngar eða frekari upplýsingar, við enda bindis þessa.

2) Þátr frá Sigurði konungi slefu, syni Gunnhildar; þessi þátr er orðrött prentaðr eftir Flateyjarbók, hvar hann finst á 6ta og 7da dálki.

3) Þátr Þorleifss jarlaskálds er prentaðr eftir Flateyjarbók (104 til 108 dálks). 2 pappírs handrit í 4blformi, sem til voru af þætti þessum í safni Arna Magnússonar, eru þó hagnýtt hér, og þeirra orðamnar getið. Það eina, Nr. 552, g., er merkt G. og það annað, Nr. 563, a., er merkt A.

4) Þátr Þorsteins uxasöts er prentaðr eftir Flateyjarbók (126 til 133 dálks); þarvið eru fylgjandi handrit úr fornfræðasafni Arna Magnússonar samanborin: 1) Nr. 562, B., merkt hér B., í 4blformi, með settletri. 2) Nr. 562, c., merkt C., í 4blf. með snarhandarletri. 3) Nr. 563, B., merkt G., í 4blf. með snarhendi. 4) Nr. 552, H., merkt hér H., í 4blformi með snarhandarletri.

5) Þátr Helga Þórissonar er líka prentaðr eftir Flateyjarbók (183 til 185 dálks). Þessi þátr finst líka í skinnbókinni Nr. 309, merkt P., um hverja getið er í formál. fyrir 1sta bindinu, og er hann hérmeð öldungis samhljóða.

6) Þátr Hrómundar halta finst einasta í Flateyjarbók á 211 til 214 dálks, og er prentaðr þareptir.

7) Þátr Haldórs Snorrasonar er líka prentaðr eftir Flateyjarbók, (264 til 270 dálks). Þessi þátr er samanborinn við 2 skinnbækir, í A. M. safninu; við Nr. 54 í arkarformi, merkt B., hvar það mesta af honum stendr aptan í bókinni með annari hendi; og við Nr. 62 í arkarformi, merkt S., hvar þessi þátr stendr aptast.

8) *Saga af Þorsteini bæarmagn* er prentuð eftir skinnbókinni 510 í 4blf., merkt A., og samanborin við skinnbókina 343 í 4blf., merkt B., og þaraðauki við 3

handrit a pappír, nl. Nr. 169, b., merkt C., Nr. 203, merkt D., bæði í arkarformi, og Nr. 340 í 4blf., merkt E. alt í A. M. safninu.

9) þátr Þorsteins skelks er prentaðr eptir Flateyjarbók (214 til 215 dálks).

10) þátr Orms Stórólfssonar er líka prentaðr eptir Flateyjarbók (272 til 278 dálks), og er hann samanborinn við fylgjandi pappírsbækr í A. M. safninu: 1) No. 158, merkt A. 2) 163, b., merkt B. 3) 164, e. a., merkt C. 4) 164, e. γ., merkt E. 5) 156, c., merkt G., allar í arkarformi. 6) 552, i., merkt H. 7) 554, h. β. merkt K. 8) 555, d., merkt L. 9) 555, e., merkt M., allar í 4blaðaformi.

Allir þessir þættir eru prentaðir eptir því handriti, sem Cand. Theol. Þorgeir Guðmundsson hefir skrifnað eptir bókum þeim, er lagðar hafa verið til grundvallar, og hafa Professórnir R. Rask og C. C. Rafn, í sameiningu með honum, samanborið það við hinum bækurnar, hvorr getið er hér að framan við sérhvörn þátt útaf fyrir sig, og tekið þaraf þann orðamun, er merkiliðrþókti. Þessir þrír hafa eins nú sem áðr leiðrött prófumarörkin, en Þorgeir hefir samið registrið yfir manna nöfn þau, er finnast í þessari sögu af Olaf konungi Tryggvasoni og þáttum hennar.

Þannig hefir þá félagið leyst af hendi sögu Olafs konungs Tryggvasonar; og hefir það kostgæfiliga þartil hagnýtt þau ljálparmeðöl, er hér fundust, að útgáfa þessi yrði svo fullkomin, sem kostr var á, er skyndamir og réttsýnir menn bezt munu finna, og kunnu að meta.

Kaupmannahöfn þann 28da Jan. 1827.

N i ð r l a g S ö g u

Ólafs konungs Tryggvasonar.

256 Kapituli.

*Frásagnir Snorra ok annara um burihvarf,
Ólafs konungs.*

Nú ero þar margar frásagnir um þá atburði, er þar gerðust. Snorri Sturluson segir svá: at þá er Ólafr konúngr sá, at flest hans lið var fallit, en Eiríkr jarl ok fjöldi hans manna þusti aprí at lyptíngunni, at Ólafr konúngr ok Kolbjörn stallari ljópu þá báðir fur borð, ok á sitt borðit hvárr, en jarlsmenn höfðo lagt utan at smáskútur, ok drápu þá menn, er á kaf ljópu. Ok þá er konúngr sjálfr hafði á kaf laupit, vildi þeir, er á skútunum voro, taka hann höndum ok færa hann jarli, en Ólafr konúngr brá yfir sik skildinum ok steyptist í kasif; en Kolbjörn stallari skaut sínum skildi undir sik ok hlífði sér svá við spjótum, er lagt var af þeim skipum, er undir lágu, ok fell hann svá á sjóinn, at skjöldrinn varð undir honum, ok komst hann af því eigi í kasif, áðr hann varð handtekinn. Þessi er